

Bæjarstjórn - 486 (16.12.2021) - Skeið ehf. - Umsókn um stofnframlag

Málsnúmer : 2021120018
Málsaðili : Skeið ehf.
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 16.12.2021

Inngangur : Uppfærð tillaga frá 1180. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 13. desember 2021, um að bæjarstjórn samþykki að veita stofnframlag til Skeiðs ehf., þar sem áætluð gjöld sem sveitafélagið myndi gefa eftir eru gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld, þ.e. kr. 13.800.000, og áætlað greitt stofnframlag á árinu 2022 er kr. 9.238.805 og við verklök árið 2023 kr. 23.038.805, auk þess sem lagt er til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 1 við fjárhagsáætlun ársins 2022.

Niðurstaða : Til máls tóku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Arna Lára Jónsdóttir, Marzellíus Sveinbjörnsson, og Sigurður Jón Hreinsson.

Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.